



LOK4UN05 - Lokaverkefni

Námsáætlun, vorönn 2023

Kennari/kennarar:	Netfang/netföng:
Hermína Huld Hilmarsdóttir	hermina.hilmarsdottir@borgo.is

Lýsing:

Nemendur kynast grundvallaratriðum í fræðilegum vinnubrögðum. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér fræðileg vinnubrögð við úrvinnslu heimilda, frágang tilvísana, tilvitnana og heimildaskráa. Fjallað er um grunnatriði í bókasafnsnotkun og grundvallaratriði við upplýsingaöflun og textavinnslu. Sérstaklega er fjallað um notkun og öflun rafrænna gagna. Nemendur vinna m.a. raunhæft verkefni í tengslum við vinnustaðanám sitt. Lokaverkefnið skal tengjast starfi leikskólaliða. Um er að ræða rannsókn sem byggist á rannsóknarvinnu og heimildavinnu. Gert er ráð fyrir að nemendur dýpki þekkingu sína í aðferðafræði í tengslum við verkefnið. Nemendur sækja umræðutíma í tengslum við verkefnið og gera grein fyrir framvindu þess. Lögð er áhersla á gagnrýni og sjálfstæð vinnubrögð þar sem nemendur leggja faglegt mat á inntak vinnunnar hjá sér og samnemendum. Í lok áfanga er haldin málstofa þar sem nemendur kynna lokaverkefni sín. Lögð er á hersla á að nemandinn þjálfist í að standa fyrir máli sínu og setja fram skoðanir sínar á yfirvegaðan og faglegan hátt.

Þekking, leikni, hæfni:

Að nemandi:

- fái tækifæri til að yfirfæra faglega og fræðilega þekkingu yfir á starfsumhverfi
- þjálfist í fræðilegum vinnubrögðum
- nái aukinni leikni í beitingu fræðilegra hugtaka í tengslum við störf sín
- undirbyggi en betur fagleg vinnubrögð sín og tengi þau við vinnubrögð annarra fagstétta
- geti sett sér raunhæf markmið og afmarkað viðfangsefnið
- geti rökstutt gildi verkefnisins
- þjálfist í vali á vinnuaðferðum/rannsóknaraðferðum við hæfi og geti gert grein fyrir þeim
- geti aflað viðeigandi og gildra rannsóknargagna og heimilda
- geti unnið úr, greint, rökrætt og ígrundað efnið og sett í fræðilegt samhengi
- geti beitt aðferðum, hugtökum og kenningum ólíkra fræðisviða
- sýni sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- þjálfist í að setja viðfangsefni sín fram á faglegan og skapandi hátt
- þjálfist í að setja fram skoðanir sínar og rökstyðja þær á gagnrýnin hátt
- þjálfist í gagnrýnum vinnubrögðum þannig að hann geti unnið sjálfstætt að fagbundnum úrlausnarefnum



Námsmat:

Lokaverkefni 80%

- Verkefni 1 = Um hvað fjallar lokaverkefnið
- Verkefni 2 = Gera beinagrind
- Verkefni 3 = Finna heimildir og skrá í heimildaskrá
- Verkefni 4 = Milliskil
- Verkefni 5 = Lokaskil

Páttaka og virkni 20%

- Umræðutímar og lotur
- Kynning í lotu 3

Námsgögn:

Efni frá kennara. ofl.

<http://upplýsing.is/upplýsingalaesi/index.htm>

<http://www.bhs.is/bokasafn/heimildir/>

<http://skrambi.arnastofnun.is/>

<https://skrif.hi.is/ritver/>

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=5420>

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5.-6. janúar	Kynning á fyrirkomulagi og áætlun. Aðferðafræði – rannsóknaspurningar, eigindlegar og megingdlegar rannsóknaraðferðir	Lota 1
2	9.-13. janúar	Umræðutími 1	
3	16.-20. janúar	Umræðutími 2	Verkefni 1 (3,3%)
4	23.-27. janúar	Umræðutími 3	
5	30. jan- 3. febrúar	Umræðutími 4	Verkefni 2 (3,3%)
6	6.-10. febrúar	Umræðutími 5	
7	13.-17. febrúar	Umræðutími 6	Verkefni 3 (3,3 %)
8	20.-23. febrúar	Umræðutími 7	Vorannarhlé
9	28. febrúar- 3. mars	Umræðutími 8	Lota 2
10	6.-10. mars	Umræðutími 9	
11	13.-17. mars	Umræðutími 10	Milliskil (10%)
12	20.-24. mars	Umræðutími 11	
13	27.-31. mars	Umræðutími 12	
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl	Umræðutími 13	
16	17.-21. apríl	Umræðutími 14	Sumardagurinn fyrsti
17	24.-28. apríl	Umræðutími 15	
18	1.-5. maí	Vinnuvika – Skil á kynningu	Lota 3 Kynning (5%)
19	8.-12. maí	Skil á Lokaritgerð	Lokaverkefni (60%)

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.